

Reyðarfjörður, 7. febrúar 2013

Frá: Alcoa Fjarðaáli, umhverfisteymi

Til: Kristjáns Geirssonar, deildastjóra á Umhverfisstofnun

Varðar: Erindi Matvælastofnunar til Umhverfisstofnunar, dagsett 31.1.2013 vegna flúormengunar í Reyðarfirði.

Þann 1. febrúar sl. barst Alcoa Fjarðaáli (AF) erindi frá Umhverfisstofnun (UST) þar sem fyrirtækinu gefst tækifæri á að tjá sig um umsögn Matvælastofnunar (MAST) um “Áhrif flúormengunar í Reyðarfirði”, dagsett 31. janúar 2013.

Fjarðaál vill koma því á framfæri að umsögn MAST er vönduð, fagleg og byggð á þeim gögnum sem liggja fyrir.

Sérfræðingar MAST gera sitt besta til að koma með faglegt mat á stöðunni en vegna þess hve lítið er til af vísindalegum gögnum og reynsla takmörkuð af þoli grasbíta gagnvart flúor þá verður óvissan því miður allnokkur.

Frumniðurstöður

Fjarðaál vill að eftirfarandi komi skýrt fram vegna þess sem kemur fram í lok bréfs MAST og auðveldlega má misskilja. En þar stendur: *“Í umfjöllun sérfræðinga sem fylgja með bréfi þessu er byggt á gögnum og vísað í mælingar sem Alcoa hefur látið MAST í té og fyrirtækið óskaði eftir að stofnunin gerði ekki opinber.”*

Það er algerlega skýrt að aldrei stóð til að leyna upplýsingum, enda höfðu þær strax verið sendar til UST og MAST til skoðunar til þess að sem fyrst væri hægt að koma með faglegt mat á þeirri óheppilegu stöðu sem upp var komin.

Skýringin á þessu er sú að þegar Fjarðaál fékk niðurstöðurnar voru þær kallaðar frumniðurstöður. Vegna þess að fyrirtækinu var tjáð að þetta væru frumniðurstöður mátti skilja það sem svo að hugsanlega myndu einhverjar niðurstöður breytast við nánari yfirferð hjá greiningaraðilum. Af þessum sökum óskaði Fjarðaál eftir því við MAST að þessar frumniðurstöður yrðu ekki gerðar opinberar til þess að forða því að hugsanlega yrði farið að vitna í niðurstöður sem ekki væri búið að úrskurða að væru endanlegar og gætu þess vegna hugsanlega gefið tilefni til misskilnings.

Endurskoðun vöktunaráætlana

MAST leggur til að UST beiti sér fyrir endurskoðun á vöktunaráætlun álvers Fjarðaáls þannig að eftirfarandi þættir verði tryggðir:

1. *Regluleg vöktun á tönnum og kjálkabeinum grasbíta á tilteknum svæðum umhverfis álver.*
2. *Fleiri vöktunarstaðir fyrir gras þar sem búfé er á beit, svo sem innar í Reyðarfirði og sunnan við fjörðinn, er þá vísað til niðurstöðu rannsókna á sauðfé frá bænum Sléttu.*
3. *Mælingar grassýna fari fram jafn harðan a.m.k. mánaðarlega á beitartímabili, þannig að bregðast megi við ef styrkur fer yfir viðmiðunarmörk í fóðri eins og gerðis sumarið 2012 í Reyðarfirði.*

Fjarðaál tekur undir þessar tillögur og hóf strax í haust undirbúning að innleiðingu sams konar lausna og getið er í liðum 2 og 3 en hefur ákveðna fyrirvara við lið 1.

1. Regluleg vöktun á tönnum og kjálkabeinum

Ef niðurstaða UST og MAST verður sú að almennt þurfi að auka vöktun á tönnum og kjálkabeinum grasbíta í nágrenni við öll álverin mun Fjarðaál ekki skorast undan þátttöku til samræmis við hin álverin.

Hins vegar vill fyrirtækið leggja áherslu á að umhverfisóhappið síðastliðið sumar var einstakt og ber að meðhöndla sem slíkt. Viðbragðsáætlun í vöktunaráætlun var virkjuð og henni er fylgt nú. Niðurstaða MAST varðandi hugsanlega heilsufarshættu fyrir grasbíta vegna þessa atviks er nokkuð vel skilgreind og afmörkuð fyrir ákveðinn hóp dýra. Framhald sérstakrar vöktunaráætlunar vegna þessa atviks miðar að því að fylgjast með þessum hópi dýra og mun Fjarðaál að sjálfsögðu ekki skorast undan sinni ábyrgð og fara í einu og öllu eftir faglegum ráðleggingum MAST og UST.


Það er skilningur Fjarðaáls á niðurstöðum mats MAST að ef niðurstöður flúorgreiningar á grasi eru undir viðmiðunarmörkum, sé almennt ekki ástæða til að fara út í frekari greiningar á beinum og tönnum grasbíta. Ef niðurstöður greininga á grasi reynast yfir viðmiðunarmörkum mun viðbragðsáætlun að sjálfsögðu verða virkjuð og samráð haft við UST og MAST varðandi frekari rannsóknir, m.a. á grasbítum og ítarlegri rannsóknir á heyi eins og síðastliðið sumar.

Það er vitaskuld stefna fyrirtækisins að gera allt sem í þess valdi stendur til að sjá til þess að umhverfisóhappið sumarið 2012 muni aldrei endurtaka sig.

2. Fleiri vöktunarstaðir fyrir gras

Fjarðaál skoðaði strax í haust möguleika á að fjölga sýnatökustöðum á grasi til þess að tryggja að niðurstöðurnar gæfu betri mynd af ástandi þeirra beitarsvæða sem eru í notkun. Náttúrustofa Austurlands var til ráðgjafar og einnig var tekið tillit til hugmynda hestamanna sem komu fram á einum fundanna með þeim. Samkvæmt vöktunaráætlun hafa verið tekin sýni á 30 stöðum fram að þessu. Fyrirtækið áætlað fjölga sýnatökustöðum um alls 7.

Á meðfylgjandi mynd sjást núverandi sýnatökustaðir ásamt nýjum sýnatökustöðum, sem eru á tünnum inni í Reyðarfirði og á beitarlöndum í sunnarverðum firðinum. Þetta er í góðu samræmi við tillögur MAST.



Mynd 1: Sýnatökustaðir fyrir gras. 30 + 7 nýjir sýnatökustaðir (rauðir)

3. Mælingar/greiningar grassýna

Ábendingin á fullkominn rétt á sér og er góð. Fjarðaál komst fljótt að því síðastliðið haust að eitt helsta tækifærið til úrbóta á vöktun væri að tryggja það að niðurstöður greininga á sýnum bærust miklu fyrir til þess að skapa svigrúm til viðbragða ef þörf væri á. Þegar hafa verið gerðar ráðstafanir til að fá þessar niðurstöður miklu fyrir en verið hefur, og hefur það verið tekið upp við Nýsköpunarmiðstöð Íslands sem sér um greiningarnar.

Þetta er eitt af forgangsverkefnum og verður leyst áður en sumarið gengur í garð.

Virðingarfyllt,

Geir Sigurpáll Hlöðversson
Framkvæmdastjóri umhverfi, heilsa og öryggi
Alcoa Fjarðaál